

GREINARGERÐ

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, m.s.br.

Deiliskipulag fyrir Suðureyrarmalir var samþykkt 3.11.2016 og tók gildi 7.12.2016. Markmið gildandi skipulags er að efla atvinnulíf og bæta mannlíf á Suðureyri með markvissri uppbyggingu á svæðinu.

Breyting er gerð skipulagsupprætti og í greinargerð.

Breytingin felst í því að lóðir nr. 8 og 10 við Skólagötu, nr. 5 við Stefnisgötu og nr. 1 við A-stíg eru sameinaðar í eina lóði; Skólagötu 8. Stærð lóðarinnar verður 936,31 m² sem er samanlöögð stærð fyrri lóða. Byggingarreitir eru sameinaðir í einn reit en ytri mörk reitsins fylgia mörkum fyrri reita. Hámarksbyggingarmagn innan lóðarinnar verður það sama og samanlagt byggingarmagn á fyrri lóðum.

Nýting lóðarinnar verður fyrir blandaða starfsemi, til samræmis við aðliggjandi lóðir. Ákvæði deiliskipulagsins um lóðir fyrir blandaða starfsemi gilda nú um Skólagötu 8. Líkt og í gildandi skipulagi skal áhersla lögð á að draga fram sögu og sérkenni Suðureyrarmala auk áhersla á upplifun ferðamanna á sjávarþorpi og eflingu sjálfbærni samfélagsins.


Að öðru leyti gilda öll ákvæði gildandi skipulags.

Hluti töflu 2.1 - Stærðir og nýtingarhlutfall lóða

	Gildandi skipulag			Nýtt skipulag		
	stærð lóða í m ²	nýtingarhlutfall	hámarks-stærð bygginga í m ²	stærð lóða í m ²	nýtingarhlutfall	hámarks-stærð bygginga í m ²
Skólagata 8	177,89	0,70	124,52	124,52	936,31	0,70
Skólagata 10	164,00	0,70	114,80	114,80		
Stefnisgata 5	402,02	0,70	281,41	281,41		
A-stígur 1	192,40	0,70	134,68	134,68		
SAMTALS	936,31		655,42	936,31		655,42

Áhrif deiliskipulagsbreytingarinnar

Tillagan er í samræmi við stefnu gildandi skipulags sem gerir ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi á svæðinu. Áhrif breytingarinnar eru talin óveruleg þar sem *minni hreinleg starfsemi* var heimil á íbúðarlóðunum fyrir breytingu. Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á svæðið í heild með starfsemi sem falli vel að áherslum miðsvæða og eflingu atvinnulífs og mannlífs á Suðureyrarmöllum. Vandaður frágangur húss og lóðar getur haft jákvæð áhrif á nærliggjandi byggð.



SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Lóðir fyrir blandaða starfsemi
- Íbúðarlóðir
- Lóðir fyrir hafnsækinn iðnað
- Byggingarreitir
- Bindandi mænisstefna (± 10°)
- Lóðarstærðir
- Númer lóðar
- Hnit lóðarmarka
- Bilastæði - sýnt til skyringar
- Göngustigar
- Svæði fyrir áningarstað / minnisvarða
- Sjóvarnargarður
- Kvaðir
- Hverfisverndarsvæði
- Núverandi byggingar - sýndar til skyringar
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Rafaveita
- Fráveita
- Boeveita

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmæðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagbreytingin var samþykkt í sveitarstjórn þann _____

Skólagata 8 - óveruleg breyting á deiliskipulagi